

Reglugerð um fjárhæðir bóta slysatrygginga almannatrygginga fyrir árið 2017.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt II. kafla laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga skulu vera sem hér segir fyrir árið 2017:

- a. Dagpeningar, skv. 3. mgr. 11. gr., 2.037 kr. á dag.
- b. Dagpeningar vegna barns á framfæri skv. 3. mgr. 11. gr., 457 kr. á dag.
- c. Örorkulífeyrir, (100%) skv. 12. gr., 42.852 kr. á mánuði, 514.216 kr. á ári.
- d. Dánarbætur, skv. a-lið, 1. mgr. 13. gr., 47.296 kr. á mánuði, 567.552 kr. á ári.
- e. Barnalífeyrir, skv. b-lið 1. mgr. 13. gr., 31.679 kr. á mánuði, 380.147 kr. á ári.
- f. Dánarbætur, skv. c-lið 1. mgr. 13. gr., 590.320 - 1.771.602 kr. eingreiðsla.
- g. Dánarbætur, skv. 2. mgr. 13. gr., 826.803 kr. eingreiðsla.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga, sbr. 13. mgr. 32. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2017.

Velferðarráðuneytinu, 22. desember 2016.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Vilborg Ingólfssdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.